



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

5. árg. 5. tölublað. Maí 2009.

EFNI:

Nýja influensan A(H1N1) (svínainflúensa) **bls.**

1

Greiningar á veirufræðideild LSH í apríl 2009 **bls.**

3

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

NÝJA INFLÚENSAN A(H1N1) (SVÍNAINFLÚENSA)

Á fundi sóttvarnaráðs 22. apríl 2009 var rætt um upplýsingar frá Bandaríkjunum um að svínainflúensa hefði greinst í tveimur börnum í Suður-Kaliforníu í byrjun apríl-mánaðar. Börnin tengdust ekki, en líklegt þótti að annað barnið hefði smitast af móður eða systkini sem veiktust skömmu áður. Það þótti markvert að börnin höfðu engin tengsl við svín. Fram kom að svínainflúensa hefur verið þekkt sl. 50 ár og þegar hún hefur borist í menn frá svínum hefur hún valdið samskonar einkennum og venjuleg influensa.

Að morgni 24. apríl hafði móðir íslenskrar stúlku, sem stundar nám í Mexíkó, samband við sóttvarnalækni til að spyrjast fyrir um ástæðu þess að skólum í höfuðborginni hefði verið lokað vegna ótilgreinds alvarlegs ástands í landinu. Ekki var að finna neinar upplýsingar á helstu alþjóðlegu viðvörðunarkerfum sóttvarna fyrr en um klukkustund eftir að þetta samtal átti sér stað. Þá var upplýst að vart hefði orðið svínainflúensu í Kaliforníu og Texas með vægum einkennum og jafnframt var tilkynnt um hóp-sýkingar í Mexíkó með alvarlegum influensulíkum einkennum í mönnum og hárrí dánartíðni.

Fyrstu viðbrögð

Þann 28. apríl var boðað til blaðamanna-fundar af hálfu sóttvarnalæknis og almanna-varnadeildar ríkislögreglustjóra þar sem tilkynnt var að viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu hefði verið virkjuð í samræmi við hættustig. Samhliða voru upplýsingar um þessa nýju veiru, A(H1N1), sem í upphafi var kölluð svínainflúensa, og leiðbeiningar til almennings um viðbrögð birtar á heimasíðum hlutaðeigandi embætta (www.landlaeknir.is, www.influensa.is og www.almannavarnir.is).



Í Leifsstöð á Keflavíkflugvelli var opnuð influensumóttaka 29. apríl 2009 þar sem komu-farþegum með hugsanlega einkenni influensu var boðin rannsókn og meðferð.

Í fyrstu beindust aðgerðir að því að fylgjast með þeim sem komu til landsins, einkum frá Bandaríkjunum og Mexíkó. Spjöldum var dreift til allra komufarþega með viðvörðun vegna influensueinkenna og leiðbeiningum um hvert viðkomandi gæti leitað.

Tilkynning til farþega í alþjóðlegu flugi á leið til Íslands vegna influensu A(H1N1) (svínainflúensa)

Viðvörðun til ferðamanna

Hafið þú dvalið í Mexíkó eða Bandaríkjunum er mikilvægt að þú fylgist sérstaklega með heilsu þinni. Fáir þú hita ásamt hósta og/öðru öndunaröruggleikum innan 7 daga eftir að þú ferð frá þessum löndum er þér ráðlagt að hafa samband við næstu heilsgæslustöð.

Vakín er athygli á því að í komusál flugstöðvar Leifs Elríkssonar er heilsgæslustöð sem sinnir fólki með ofangreind einkenni influensu.

Hafið þú engin af ofangreindum einkennum er ekki talin hætta á að þú sért smitað.

Geymið þessa tilkynningu.

Frekar upplýsingar má finna á vef Landlæknisembættisins: www.landlaeknir.is og www.influensa.is og vef Alþjóðheilbrigðisráðsstofnunarinnar (WHO): www.who.int/en/



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Sóttvarnalæknir

7. maí 2009


(Framhald bls. 2)

Spjöldum var dreift til allra komufarþega með viðvörðun vegna influensueinkenna og leiðbeiningum um hvert viðkomandi gæti leitað.

Fréttir af útbreiðslu influensu A(H1N1) og viðbúnaði yfirvalda voru sendar út daglega í fyrstu.

Í samvinnu við flugmálafyrirvöld var hlífðargrímum, ásamt leiðbeiningum um notkun, dreift í íslenskar millilandaflugvélar til nota fyrir farþega með tiltekin einkenni, ef þeirra yrði vart. Opnuð var influensumóttaka í Leifsstöð þar sem komufarþegum var boðin rannsókn ef þeir hefðu einkenni sjúkdómsins við komu. Einnig var lögð áhersla á að upplýsa aðila innan heilbrigðisþjónustunnar svo hægt væri að taka sýni strax og bjóða influensuþjónslum meðferð.

Læknar voru hvattir til að senda sýni frá sjúklingum með influensulík einkenni til greiningar og hefja meðferð með veirulyfjum ef sjúklingar væru með alvarleg einkenni. Ekki var ráðlagt að setja einstaklinga á fyrirbyggjandi meðferð né taka lyf gegn influensu nema að höfðu samráði við lækni. Í landinu eru til influensulyf sem talin eru virk gegn influensu A(H1N1) fyrir um þriðjung þjóðarinnar.



Fréttatilkynningum um fjölda staðfesta tilfella af influensu A(H1N1) fylgja landakort sem sýna í hvaða löndum tilfellanna hefur orðið vart.

Miðlun upplýsinga til almennings

Mikil áhersla var strax lögð á að koma vönduðum og skýrum fréttum af gangi mála til almennings með beinum hætti í sjónvarpi og útvarpi og með fréttatilkynningum. Gerður var samningur við almanna-tengslafyrirtækið Athygli um að annast gerð fréttatilkynninga og koma þeim á framfæri. Um leið og aukið var við íslenskt fræðsluefni um influensufaraldurinn á vefnum www.influenza.is var bætt við hann fréttum af gangi mála hér á landi á ensku.

Viðbúnaður á Íslandi

Ekki var talin ástæða til að setja takmarkanir á ferðalög til útlanda. Þó mæltist sóttvarnalæknir til þess að fólk ferðaðist ekki til Mexíkó nema brýna nauðsyn bæri til.

Gefnar voru út leiðbeiningar um handþvott og sprittun handa og að gæta skyldi ýtrasta hreinlætis við hósta og hnerra, forðast margmenni og halda sig heima við ef veikindi gerðu vart við sig. Einnig var fjallað um andlitsgrímur og ekki mælt með því að þær væru notaðar á almannafæri.

Þann 29. apríl jók Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) viðbúnaðarstig sitt á 5. stig. Þetta þýddi meðal annars að aðildarþjóðir WHO voru beðnar um að virkja viðbúnaðaráætlanir sínar vegna svína-influensunnar. Þessi breyting af hálfu WHO hafði engin áhrif hér á landi, enda viðbúnaðaráætlun þegar virk, og hér var áfram unnið á hættustigi sem tekur til 4. og 5. stigs hjá WHO.

Í samræmi við íslensku viðbúnaðaráætlunina var hafin dreifing á veirulyfjum til heilbrigðisstofnana en læknar ávísa lyfjum til sjúklinga sem taldir eru líklegir að vera með influensu A(H1N1). Hlífðarþúnaði var einnig dreift til sóttvarnasvæða landsins og er til taks fyrir heilbrigðisstarfsmenn og aðrar öryggisstettir, ef á þarf að halda.

Ráðstafanir hins opinbera

Skipaður var viðbragðshópur ráðuneyta og ákveðið að hvert ráðuneyti gerði áætlun um hvernig brugðist skyldi við influensufaraldri til að tryggja að starfsemin raskaðist ekki.

Sendimenn erlendra sendiráða á Íslandi fengu skýr skilaboð um að þeir sætu þar við sama borð og íslenskir ríkisborgarar enda gengi eitt yfir alla þegar veikin væri annars vegar og ráðstafanir til að hefta útbreiðslu hennar tækju að sjálfsgöðu mið af því.

Stefnt var að því að kalla saman almanna-varna- og öryggismálaráð til að fjalla um viðbúnað vegna hugsanlegs influensufaraldurs. Hlutverk ráðsins er að marka stefnu stjórnvalda í almanna-, varna- og

(Framhald bls. 3)

Staðfest tilfelli
inflúensu A(H1N1)
þann 20. maí 2009
voru orðin
10.215 talsins
í 42 ríkjum
í heiminum.



öryggismálum. Forsætisráðherra er formaður ráðsins en dómismálaráðherra hefur með umsýslu þess að gera. Almanna- og öryggismálaráð varð til með lögum um almannavarnir nr. 82/2008 en hefur ekki komið saman frá því lögin tóku gildi.

Yfirvöld hér á landi fóru gaumgæfilega yfir marga lykilþætti í gildandi landsáætlun almanna- og öryggismála vegna heimsfaraldurs inflúensu. Meðal annars er verið að kanna birgðastöðu matvæla, olíu, nauðsynlegra lyfja og annarra nauðsynjavara í landinu.

Ísland hefur gert framvirkan samning um bóluefniskaup gegn heimsfaraldri inflúensu við GlaxoSmithKline sem nemur allt að 300.000 skömmtum. Vonast er til að fyrstu birgðir slíks bóluefnis berist áður en alvarlegur faraldur berst til landsins.

flúensulíkra einkenna. Viðbúnaðarstig hefur verið óbreytt frá því að hættustigi var lýst yfir.

Túlkun sóttvarnalæknis er að inflúensa A(H1N1), sem breiðist nú um heiminn, kunnir að vera fyrsta bylgja nýs heimsfaraldurs. Ætla má að úr faraldrinum dragi á norðurhveli jarðar þegar líður á sumarið og að með haustinu ríði önnur bylgja faraldursins yfir, en alls er óljóst hversu skaður hann kann að verða.

Í hönd fer vinna á vegum almanna- og öryggismála ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis við að endurskoða og betrubæta fyrirbyggjandi viðbragðsáætlun gegn heimsfaraldri og meta þá reynslu sem þegar hefur fengist.

Haraldur Briem

Þann 15. maí 2009
var ákveðið að
afturkalla viðvörðun
um að ferðast ekki til
Mexíkó nema að
brýna nauðsyn
bæri til.

GREININGAR Á VEIRUFRAÐIDEILD LSH Í APRÍL 2009

I. Öndunarfærasykingar

Í apríl 2009 greindist inflúensa í rúmlega helmingi greindra sýna á veirufraðideild LSH. Þar af voru flest af stofni B en nokkur af stofni A(H3). Engin sýni reyndust vera af hinum nýja stofni inflúensu A(H1N1) (svínainflúensu). Aðrar greindar veirur voru parainflúensa, RSV, rhínóveirur og enteróveirur.

II. Meltingarfærasykingar

Jákvæðar veirugreiningar úr saur í apríl 2009 voru rótaveirur, astróveirur og nóróveirur.

III. Greiningar á inflúensu

Frá 27. apríl til 13. maí greindust 19 einstaklingar með inflúensu. Þar af voru 13 með inflúensu B, tveir með inflúensu A(H3) og fjórir með inflúensu A af öðrum stofni. Enginn einstaklingur greindist með hinn nýja stofni inflúensu A(H1N1).

Það er því ljóst að árleg inflúensa er enn að ganga á Íslandi og samrýmist því að enn greinast sjúklingar með inflúensulík einkenni á Læknavaktinni (sjá mynd að ofan).

Dórolfur Guðnason